

L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar
og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun
til virkjana í Tungnaá.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit,
sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973,
um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.